

Komið sæl

Ég biðst afsökunar á að þetta ágæta fréttabréf dagaði uppi hjá mér og gleymdist að senda það út. Ég vona að þið fyrirgefifið mér það og hér koma upplýsingar fyrir mars mánuð.

Breytingar eru í starfsmannahópnum.

Púra er komin úr leyfi og komin endurnærð til starfa. Steinunn er farin í veikindaleyfi til 16. júlí 2012. Hún mun samt sem áður starfa eitthvað á því tímabili á Skýjaborg en það kemur í ljós síðar. Elva er á leið í fæðingarorlof þann 20 mars svo það mun að öllum líkindum verða ráðinn nýr starfskraftur á Skýjaborg í 100% starf á næstu dögum.

Bestu kveðjur

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Heimasíðan okkar

<http://www.dalvik.krilakot.is>

Starfsfólk Krílakots á ferð og flugi

Breyting á skóladagatali.

Opið allan daginn þann 10. apríl

Lokað allan daginn þann 16. maí 2012.

Dagur Leikskólans

Það var mikil gleði hér á degi leikskólans og viljum við þakka foreldrum og öðrum gestum frábæran dag.

Foreldraráðsfundur

Okkur sárvantar fulltúa í ráðið. Ef einhvert ykkar hefur áhuga á að starfa með foreldraráðinu og hafa þannig áhrif á starf skólans, endilega hafið samband.

Foreldraráðsfundur er þann 14. mars. Klukkan 17:00

Grænfáninn

Þriðjudaginn 13. mars munu starfsmenn Landverndar heimsækja okkur og taka út skólann. Svo er bara að krossa fingur að þeim líki starfið og að við fáum Grænfánann á vordögum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Erna Þórey Björnsdóttir

Ívar Örn Vignisson

Kornelia Anna Klimek

Mariusz Robert Klimek

Óliver Hilmarsson

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir

Tryggvi Kristjánsson

Dótadagur

Á dótadegi má ekki kama með vopn. Miða skal við einn hlut.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtölum er nú að ljúka. Við hvetjum síðan foreldra til að vera í góðu samstarfi og ræða við starfsfólk/stjórnendur ef það er eitthvað sem þeir eru að velta fyrir sér eða vantar upplýsingar um.

Vetrarleikar

Vetrarleikar Kátakots og Krílakots voru þann 8. mars og voru allir hæst ánægðir eftir vel heppnaðan dag. Engin stórslys urðu á fólki þó svo nokkrir hafi fengið skrámur hér og þar eftir smá árekstra.

Takk fyrir skemmtilegan dag.

Kátakot

Árgangur 2008
heimsækir Kátakot 13 og 14 mars

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyrna



Frelsi



Gleði



Öryggi




Leikskólalæsi

Mikilvægt er að börn hafi aðgang að bókum og að lesið sé fyrir þau á hverjum degi.

Námsáætlun

Við hvetjum foreldra til að fylgjast með því sem börnin eru að gera í leikskólanum. Sjá námsáætlun í forstofum deildanna og því sem hópstjórar skrifa eftir hvern hópstarfstíma.



Foreldraráð 2011-2012
Vinnum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Guðrún Anna Óskarsdóttir
Dagur Óskarsson
Nimnual Khakhlong